

Mál nr. 59/2006

M

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar verktakans G

Maður missteig sig og ristarbrotnaði á hægra fæti þ. 17.10.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.3.2006. ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf vátryggingafélagsins dags. 7.4.2006.
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla

Málsatvik.

Skv. Lögregluskýrslu var búið að grafa upp götu vegna endurbóta og hafði göngubraut verið lögð meðfram öllum húsum sem eru vinstra megin í götunni þar sem ógerlegt var annars að komast að húsunum en aðeins var göngubraut upp að nokkrum húsum sem voru hægra megin við götuna. M sagði lögreglu að hann hefði verið að koma heim til sín deginum áður og verið að labba upp eins meters háa moldarbrekku þegar hann missteig sig í moldinni með þeim afleiðingum að hann ristarbrotnaði á hægra fæti. M segir að þegar atvikið gerðist hafi engin göngubraut verið við hans hús og hafi hann haft samband við verktaka og þá hefði verið komið með planka og þeir settir upp að húsinu. Lögmaður M krefst bóta vegna slyssins og segir að frágangur við hús M hafi verið óviðunandi og megi rekja slysið til saknæmrar hegðunar verktakans sem hafi ekki gætt eðlilegrar varkárni við frágang vinnusvæðisins. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi valið það sjálfur að labba upp á moldarbarðið og tekið við það áhættu sem hann verði að bera sjálfur.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að verktaki sá sem annaðist um framkvæmdir í götu þeirri sem um ræðir sýnt af sér atferli sem leiði til skaðabótaábyrgðar af hans hálfu. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 9.5.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.